

BROS bræður

í samstarfi við
sveitarfélög á Suðurnesjum
SÝNA

MAÐURINN SEM MINNKAÐI VISTSPORIÐ SITT

“Mikilvæg, einlæg og skemmtileg”

Dr. Guðrún Pétursdóttir
Stofnun Sæmundar Fróða

“Very nice piece”

Francis James Dobbs
World Bank

“I like it a lot”

Donald Ranvaud
Oscar nominated
film producer

“Ótrúlega fyndin... og hugmyndarík!”

Bryndís Bjarnadóttir
Sagnfræðingur

Frítt
inn

HEIMILDARMYND UM SJÁLFBÆRAN LÍFSSTÍL

Pallborðsumræður að sýningu lokinni

ANDREWS THEATER, 9. JÚNÍ 2016, KL. 17.00

Enginn aðgangseyrir

Allir velkomnir

Um hvað er myndin?

Maðurinn sem minnkaði – vistsporið sitt, fjallar um Sigga og baráttu hans við að lifa sjálfbæru lífi í ósjálfbæru samfélagi. Við fylgjumst með Sigga reyna af fremsta megni að ná neyslu sinni inn fyrir mörk sjálfbærni eins og þau eru skilgreind af aðferðarfræði vistsporsmælinga (e. Ecological Footprint).

Baráttan knýr hann til að svara spurningum um alla hans hegðun; hvað hann borðar, hvernig hann ferðast, hvernig hann býr, hvað hann kaupir, hvaða þjónustu hann notar og hvernig hann skilar frá sér sorpinu sem neysla hans veldur.

En það er fátt í íslensku samfélagi í dag sem styður slíka baráttu og Siggi finnur fljótt að það er hægara sagt en gert að ná neyslunni inn fyrir sjálfbærnimörkin. En er það hægt? Nær Siggi takmarkinu?

Upplýsingar:

Sigurður Jóhannesson, sími 690 6919, sigurdurj@vistspor.is

Magnús Jóhannesson, sími 779 2900, magnusj@vistspor.is

www.manwhoshrunk.com

Hvað er vistspor?

Mælingar á vistspori hafa náð nokkurri fótfestu innan Umhverfisstofnunar. Aðferðin leitast er við að mæla hversu mikið af gæðum jarðarinnar við erum að nota.

Mælingarnar sýna að Vesturlandabúar nota mikið af gæðum jarðar og reyndar svo mikið að ef allir myndu gera slíkt hið sama myndu gæði jarðar engan vegin duga til heldur þyrftum við í það minnsta hálfá jörð í viðbót til að standa undir neyslunni.





BROS bræður

er kvikmyndaframleiðslufyrirtæki bræðranna Sigurðar E. og Magnúsar B. Jóhannessona. Hlutverk félagsins er að framleiða heimildarmyndir og leiknar kvikmyndir, sem segja skemmtilegar og upplýsandi sögur úr íslenskum raunveruleika.

Sigurður E. Jóhannesson, framleiðandi

Sigurður er bræðingur lista- og vísindamanns og hefur skipt tíma sínum milli fræðilegra rannsókna og listsköpunar.

- M.Sc. í umhverfis og auðlindafræði frá Háskóla Íslands.
- B.A. í leiklist frá East-15 Acting School.
- Sigurður stundar doktorsnám við umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands.
- Starfar sem rannsakandi hjá GreenMar, samnorrænu rannsóknarverkefni um sjávarauðlindina.
- Verkefnisstjóri rannsókna um lífhagkerfi Norðurlanda við Háskóla Íslands.
- Starfaði sem sérfræðingur við Umhverfisstofnun.
- Stýrði sprotaverkefninu Garðarshólmur, sem leitast við að stofna miðstöð menningar og fræða á Húsavík.
- Stofnaði og stýrði gamanleikhópnum Brian í London.
- Starfaði sem tónlistarmaður hjá Atco/East-West útgáfufyrirtækinu í New York.



Magnús B. Jóhannesson, framleiðandi

Magnús hefur yfir 20 ára reynslu af stjórnun og rekstri fyrirtækja, þar af um 17 ára reynslu úr endurnýjanlegri orku.

- M.Sc. í rekstrarhagfræði frá Háskólanum í Álaborg, Danmörku.
- B.Sc. próf í gæðastjórnun frá Háskólanum á Akureyri.
- Stofnandi og framkvæmdastjóri America Renewables, sem starfar á sviði rafmangsframleiðslu, verkefnaþróunar og fjármögnunar endurnýjanlegrar orku í Kaliforníu, í Norður Ameríku.
- Var framkvæmdastjóri Iceland America Energy sem starfaði á sviði verkefnaþróunar í jarðvarma og fjármögnunar í Norður Ameríku.
- Var aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Enex sem starfaði á sviði verkefnaþróunar og fjármögnunar í orkugeiranum, m.a. hitaveitufamkvæmda í A-Evrópu, Kína og N-Ameríku. Fyrirtækið var að stærstum hluta í eigu orkufyrirtækja á Íslandi.
- Starfaði við ráðgjöf á sviði orkumála með yfirvöldum í Kaliforníu í N-Ameríku.
- Deildarstjóri þjónustudeildar hugbúnaðarfyrirtækis með POS hugbúnað.
- Var framkvæmdastjóri tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækis sem bæði flutti út sína vöru og þjónustu til Evrópu sem og stundaði innflutning á íhlutum frá Asíu.
- Starfaði sem ráðgjafi á sviði altæktrar gæðastjórnunar innan orkugeirans á Íslandi.



SÍÐUSTU
FJÓRAR
VIKURNAR
= UNDIR 2,1?

